

Borgarbyggð  
b/t Sigurð Friðgeir Friðgeirsson  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík 7. febrúar 2020  
UST202001-336/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing - Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 - 2022 - Borgarvogur og Dílatangi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 15. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 fyrir Dílatanga og Borgarvog í Borgarnesi.

Í lýsingu kemur fram að breytingin gengur út á að mörk skipulagsreita breytast þar sem m.a. reitur O1 stækkar, sem nemur viðbót við landfyllingu, auk þess er sýnd fyrirhuguð lega strandstígs.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð gildandi aðalskipulags (bls. 59) segir m.a. „*Vistfræðilegt gildi: Fjölmargar tegundir plantna og fugla byggja tilvist sína á votlendissvæðum sem eykur verulega við líffræðilega fjölbreytni viðkomandi svæðis. Óheimilt er að raska sjávarfitjum og leirum. Það felur m.a. í sér að öll efnistaka á þessum svæðum er óheimil.*“

### **Náttúruminjaskrá**

Í greinargerð kemur fram Borgarvogur, vogurinn allur ásamt fjörum, er á náttúruminjaskrá, en þar eru leirur og fitjar með miklu fuglalífi.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi hver áhrif tillögunnar séu á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á fuglalíf og verndargildi náttúruminja.

### **Leirur**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt korti Náttúrufræðistofnunar Íslands í kortasjánni [www.serstokvernd.ni.is](http://www.serstokvernd.ni.is) er svæðið sem fyrirhuguð landfylling og strandstígur nær til leirur. Umhverfisstofnun bendir á að leirurnar falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem talðar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema bryna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarliga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægiságerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefansson  
sérfræðingur